

## Staðsetning á hitastigulsholum á Raufarhöfn

**Kristján Sæmundsson**

**Greinargerð KS-96-04**

### Staðsetning á hitastigulsholum á Raufarhöfn

Dagana 17.-18. janúar 1996 kannaði undirritaður staðhætti á nokkrum stöðum í grennd við Raufarhöfn þar sem áður hafði verið gerð tillaga um hitastigulsholur. Vísast í því sambandi á greinargerð Orkustofnunar "KS-95/16" frá 19.10.1995. Haft var að meginsjónarmiði að kanna einungis svæði innan 5-6 km fjarlægðar frá þorpinu. Ein hitastigulshola með 69°C/km - stigli er skammt vestan við barnaskólann sunnan til í þorpinu.

Hitastigull verður einungis ákvarðaður í sæmilega þéttu bergi og þarf til þess að bora 40-50 m eftir að komið er niður í þétt berg. Í grennd við Raufarhöfn gæti þurft að bora 50-100 m til að komast niður úr lekum berglögum. Er þá miðað við reynslu af gömlu hitastigulsholunni, en í henni var komið niður úr lekasta berginu í um það bil 50 m. Þar sem land er lægst við ströndina ættu 90-100 m djúpar holur að nægja til að ákvarða hitastigulinn. Vestar og ofar í landinu gæti þurft 140-150 m djúpar holur til að finna marktækan hitastigul. Þetta kemur í ljós í borun sem yrði með lofti. Fylgst yrði með vatnsaukningu og hætt ef engin aukning verður á vatni á a.m.k. 40 m borkafla.

Valdir voru 5 borstaðir sem nú skal getið og hvað réði vali þeirra. Fylgdarmaður minn var Óskar Óskarsson verkstjóri. Hann þekkir staðina og aðkomu að þeim.

Tveir staðir eru nærri sjó, annar sunnan við og hinn norðan við Raufarhöfn.

- 1) Ormarslón. Þar var borholu valinn staður á klöppum, rúmum 100 m norðaustan við brúna á Ormarsá. Blaut mýri er milli vegarins og klapparholtsins. Þangað gæti þurft að velja leið frá bænum fremur en yfir mýrina, því þar er þurrara. Holunni var valinn staður í nánd við gosreinina í Súlum, skammt þar norður af sem hún beygir frá N-S stefnu í NA-SV.
- 2) Höskuldarnes. Þar var borholu valinn staður norðan við tjörnina syðst í Höskuldsstaðanesi. Þar sést í klöpp á smábletti. Þangað er stutt af vegi. Eina torfæran er mjótt mýrarsund rétt við borstaðinn. Þarna er æðarvarp og því ekki hægt að bora þar á varptímanum. Þessi borstaður kemur í stað þess sem í fyrri greinargerðinni var merktur norðan í Höfðanum (á Raufarhöfn). Sá staður er of nærri gömlu hitastigulsholunni í því þéttleikaneti sem hér er miðað við í staðsetningum.

Tveir staðir eru í heiðinni vestur frá Raufarhöfn. Þar er um að ræða nokkurn veginn sömu staðina og á var bent í fyrri greinargerðinni. Ekki verður komist á borstaðina eftir vegi. Auðveldust leið er frá fjárhúsum vestan við þorpið yfir holtið þar suðvestanvið (Miðás), síðan áfram yfirundi milli ássins og Kerlingarhamars, síðan meðfram hamrinum að austan, og er það smákrókur, og þá að borstað 4) eftir þýfðum móa spölkorn sunnan við hamarinn. Frá borstað 4) á borstað 3) er best að fara sunnan við vatnið sem er vestan við borstaðinn og áfram vestur sunnan við Ólafsvatn. Þegar komið er á móts við það mitt þarf að fara uppá og yfir holtið sunnan við vatnið og áfram suðvestur og þá austan við breitt mýrarsund, en syðst í því er borstaður 3). Smákeldur eru á þessari leið. Líklega er þetta ekki fært öðru en beltavél.

- 3) Suðvestan við Ólafsvatn. Borstaðurinn er nokkurn veginn á sama stað og lagt var til í fyrri greinargerð. Hann er nánar tiltekið norðan við strýtulaga melhól austur frá Djúpavatni. Sprungin klöpp stendur fram úr hólum norðan megin, og þar er borstaðurinn. Hann er í norðurframhaldi af siglægd sem sést 5 km sunnar í heiðinni.
- 4) Sunnan við Kerlingarhamar. Borstaðurinn er á hólbungu skammt austur af (nafnlausu?) vatni sunnan undir Kerlingarhamri. Hóllinn er auðkennilegur af tveimur stórum grettistöfum efst á honum. Borstaðurinn er á klöpp rétt sunnan við þau. Borstaðurinn var valinn mitt á milli gömlu hitastigulsholunnar og þeirrar vestustu, sem tillaga er gerð um, til að fá samfellu í könnunina vestur í heiðina.

Í tillögunni sem sett var fram í fyrri greinargerð var gert ráð fyrir fjórum holum. Fimmta staðnum var bætt við norður af 4) eftir athugun á staðháttum.

- 5) Norðaustan við syðra Glápavatnið. Borstaðurinn er rétt norðaustan við vatnið. Þar er nokkurt gjall á kafla í hólabyrpingu með N-S stefnu. Brotalínur með ANA-VSV stefnu liggja þarna um og var borstaðurinn valinn með tilliti til þeirra. Vegarslóði liggur að borstaðnum og er hann fær vel búnum tækjum.

Áhugaverðustu holurnar af þessum fimm sem hér eru taldar tel ég vera holurnar í heiðinni vestur frá Raufarhöfn. Rétt væri að byrja á þeim til að niðurstaða fengist um stigulinn þar meðan fengist væri við borun hinna sem eru nær ströndinni.

Kristján Sæmundsson

